



Náttúru
verndar
stofnun

Náttúrufræðistofnun

Smiðjuvöllum 28

300 Akranes

Garðabær, 14. maí 2025

202504-0151/S.V.

10.01.01

Efni: Fararleyfi út í Surtsey – viðhalds- og rannsóknarleiðangur 2025

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Surtseyjarfélagsins og Náttúruverndarstofnunar, dagsett 28. apríl 2025, um fararleyfi til Surtseyjar.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 50/2006](#), með breytingum sbr. [auglýsing nr. 468/2011](#). Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir rannsóknar- og viðhaldsleiðangri Surtseyjarfélagsins og Náttúruverndarstofnunar í þrjá daga á vikuna 26. – 30. maí 2025. Í leiðangrinum er eftirfarandi verkefni einkum fyrirhuguð: Viðhaldsvinna á Pálsbæ, rannsóknarskála Surtseyjarfélagsins, viðhald mælitækja á veðurstöðinni í eyinni, undirbúningur stækkunar þýrlupalls, hreinsun á rusli og frágangur á því til flutnings, mæling hita í borholum, og talning mófugla ásamt mati á varppéttleika þeirra en slík rannsókn hefur ekki farið fram í eyinni á þessum árstíma. Björgunarfélag Vestmannaeyja mun sinna flutningi til og frá eyinni. Þátttakendur munu fylgja leiðbeiningum Náttúruverndarstofnunar um hreinsun á búnaði áður en farið er í eyna. Áætlað er að 10 manns fari í leiðangurinn.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um er að ræða vöktun á lífríki og náttúrufari, nauðsynleg viðhaldsverkefni og ruslahreinsun.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Surtseyjarfélaginu og Náttúruverndarstofnun leyfi til að fara í land í Surtsey og dvelja þar á tímabilinu 26. – 30. maí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum í leiðangrinum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður lagt er af stað til eyjarinnar.

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla ef varp er hafið. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum þeirra rannsókna sem framkvæmdar verða, án endurgjalds, ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir svæðissérfræðingur Náttúruverndarstofnunar á Suðurlandi starfsmaður friðlandsins verður með í hópnum í ferðinni.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Leyfið gildir eingöngu fyrir þá aðila sem tilgreindir eru í umsókn umsækjanda.

1. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun. Leiðangursstjóri, viðhald í Pálsbæ.
2. Gunnar Viðar Gunnarsson, Landbúnaðarháskóli Íslands. Viðhald á Pálsbæ og undirbúningur stækkunar þyrlopalls.
3. Þorvaldur Þór Björnsson, Náttúrufræðistofnun. Viðhald á Pálsbæ og undirbúningur stækkunar þyrlopalls.
4. Svenja Auhage, Náttúrufræðistofnun. Mófuglatalningar og aðrar fuglaathuganir.
5. Sigurður Sveinn Jónsson, ÍSOR. Mælingar í borholum, undirbúningur stækkunar þyrlopalls.
6. Jóhannes Konráð Andrússon, Veðurstofa Íslands. Viðhald á veðurstöð.
7. Hákon Halldórsson, Veðurstofa Íslands (til vara ef þörf er á aukamanni). Viðhald á veðurstöð.
8. Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, Náttúruverndarstofnun. Eftirlit og umsjón með flutningi á rusli úr eygni.
9. Inga Dóra Hrólfsdóttir, Náttúruverndarstofnun. Söfnun og flutningur á rusli úr eygni.
10. Ólafur Lárusson, Vestmannaeyjabær. Söfnun og flutningur á rusli úr eygni.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur